

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 27.03.2023
Málsnúmer: FJR22090001
Bréfalykill:

Efni: Afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins til umsagna um 588. mál.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, tekið saman minnisblað þetta sem felur í sér afstöðu ráðuneytisins til umsagna um frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Tvær umsagnir bárust, frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Hér að neðan er stutt umfjöllun um breytingatillögur umsagnaraðila eftir greinum frumvarpsins og afstaða ráðuneytisins til þeirra.

4. gr. Eftirlit og upplýsingagjöf.

Seðlabankinn leggur til að við 4. gr. frumvarpsins bætist tvær nýjar málsgreinar. Sú fyrri felur í sér tilvísun til 9. gr. SFTR-reglugerðarinnar, um valdheimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA, og sú síðari felur í sér nánari skýringu á samspili EMIR-reglugerðarinnar, sem veitt var lagagildi með 2. gr. laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018, og SFTR-reglugerðarinnar, hvað varðar tilteknar rannsóknaraðgerðir. Ráðuneytið telur þessar viðbætur til þess fallnar að auka skýrleika frumvarpsins, en leggur til að síðargreinda viðbótin orðist svo (breytingartillaga ráðuneytisins undirstrikuð):

Til þeirra rannsóknaraðgerða sem kveðið er á um í a-c-lið og e-lið 1. mgr. 62. gr. og 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sbr. lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sbr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, þarf heimild dómara nema samþykki þess aðila sem rannsóknaraðgerðirnar beinast að liggja fyrir. Um beiðni um heimild dómara til rannsóknaraðgerða fer eftir XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

8. gr. Stjórnvaldssektir.

Seðlabankinn leggur til að við 8. gr. frumvarpsins bætist við tilvísun til 9. gr. SFTR-reglugerðarinnar. Ráðuneytið telur þessa viðbót til þess fallna að auka skýrleika frumvarpsins

Þá leggur Seðlabankinn til að við 8. gr. frumvarpsins bætist við stjórnvaldssektarheimild vegna tilvika þar sem brotið er gegn ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 10. gr. um bann við stjórnunarstörfum. Ráðuneytið styður þessa breytingartillögu.

18. gr. Gildistaka frumvarpsins.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) óska samtökin eftir lengri aðlögunartíma til að hægt sé að tryggja fullnægjandi framkvæmd efnisákvæða frumvarpsins. Í umsögninni er m.a. vikið að því að SFTR-reglugerðin var innleidd innan Evrópusambandsins í skrefum yfir fjögurra ára tímabil. Ráðuneytið bendir á í þessu samhengi að langur innleiðingartími innan Evrópusambandsins var einkum sökum þess að gerðin kveður á um nýja skráningarskylda aðila, svokallaðar viðskiptaskrár, sem bæði þurfti að koma á legg og vera mögulegt að taka við tilkynningum frá miklum fjölda aðila. Viðskiptaskrár eru nú starfræktar víða um Evrópu og komnar með nokkra ára reynslu af því að taka við nýjum viðskiptavinum og tilkynningum frá þeim. Þá þurftu stofnanir Evrópusambandsins tíma til að vinna undirgerðir sem kveða nánar á um framkvæmd SFTR-reglugerðarinnar, undirgerðirnar voru

samþykktar á árunum 2018-2020.

Þá bendir ráðuneytið á að áform um innleiðingu SFTR-reglugerðarinnar voru birt í samráðsgátt 21. október 2021 og drög að frumvarpi í nóvember 2022. Jafnframt hefur ráðuneytið á undanförunum árum deilt með SFF sinni áætlun um innleiðingar Evrópugerða á fjármálamarkaði. Áætluninni, sem nær yfir áform um innleiðingar a.m.k. 18 mánuði fram í tímann, er m.a. ætlað að auka fyrirsjáanleika og veita aðildarfélögum samtakanna og Seðlabankanum rúman tíma til að undirbúa sig fyrir komandi lagabreytingar

SFTR-reglugerðin var tekin í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021. Þar sem ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi þá var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Horft er til þess að slíkum stjórnskipulegum fyrirvara sé aflétt sem fyrst, að jafnaði innan sex mánaða frá töku ákvörðunar. Æskilegt er að honum verði aflétt af Íslands hálfu fyrir lok yfirstandandi þings. Í kjölfar tilkynningar um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara þá öðlast ákvörðunin gildi fyrsta dag annars mánaðar þar á eftir. Í því ljósi telur ráðuneytið takmarkað svigrúm til að fresta gildistöku frumvarpsins en m.t.t. þess að íslensk fjármálafyrirtæki eru ekki undir það búin að starfa eftir ákvæðum SFTR-reglugerðarinnar telur ráðuneytið að mögulegt sé að færa gildistöku fram á haustið en þó ekki lengur en til 1. nóvember 2023.